



UNGMENNASAMBAND BORGARFJARÐAR STOFNAÐ 26. APRÍL 1912

Formannafundur UMSB
14. maí 2024 kl.18:00
Vindási

Fundargerð

Mætt eru:

Guðrún Hildur Þórðardóttir sambandsstjóri, Haraldur Haraldsson - HjólVest, Elín Matthildur Kristinsdóttir – Umf. Dagrenning, Unnur Jónsdóttir - Frjálsíþróttafélag Borgarfjarðar, Jón Theodór Jónsson knattsp.deild Skallagríms, Stefán Gíslason – hlaupahópurinn Flandri, Ingi Þór Magnússon -Umf. Reykdæla, Sigurjón Helgason – Umf. Björn Hítardælakappi Kristján Guðmundsson – Umf. Íslendingur, Snorri Þórðarson – GK Glanni, Sigríður Bjarnadóttir kkd Skallagríms, Svala Svavarsdóttir gjaldkeri UMSB - Bjarney Lárudóttir Bjarnadóttir framkv.stjóri UMSB, Raket Dögg Sigurgeirsdóttir ritari UMSB.

1. Sambandsstjóri setur fundinn kl.18:06

2. Fundargestir kynna sig og segja frá hvernig gengur

Eyþór býður gesti velkomna

Mikið starf – reiðnámskeið fyrir börn

Mót og keppni – stórt íþróttamót síðustu helgi, yfir 100 skráningar – góð þátttaka í mótum í vetur – byrjað að vinna í reiðvegum, fyrir rúma milljón, áframhaldandi mótahald í sumar og að halda svæðinu við.

Flandri – aðallega gamlingjar að skemmta sér – Flandrasprettir frá okt til mars, vorfundur fljótlega og ákveðið hvort eitthvað verði gert í sumar eða haust – hvort farið verði í ferðir eða taka þátt í hlaupum. Hefur farið hnignandi frá því sem var. Verið svolítið á hliðarlínunni hjá ÍSÍ – FRÍ verið að stíga meira inn – verið að reyna að ná utan um t.d. utanvegahlaupin – til alþjóðlegt samband um utanvegahlaupin. Virðist enginn vita hvernig á að staðsetja hlaupahópa.

Umf. Reykdæla – íþróttastarfið ekki gengið jafn vel í mörg ár, 118 iðkendur í vetur, komnar tvær nýjar íþróttagreinar – sundnámskeið að byrja núna í sumar, þrjár vikur hvert.

Umf. Björn Hítardælakappi – leikjakvöldin að byrja aftur, þá er hist einu sinni í viku og gert eitthvað saman. Alltaf endað á fótbolta. Gömul arfleifð þar sem fólk á öllum aldri

hittist. Eiga 25% hlut í Lyngbrekku. Voru að klára samning við leikdeild Skallagríms um áframhaldandi leigu í eitt ár.

Kkd. Skallagríms - Verið að slútta starfinu, búið að slútta mfl. Hjá þessum yngstu í lok júní. 140 -160 iðkendur í vetur. Mikið púsl inn í íþróttahúsið, búið að vera sérstakur vetur vegna Grindavíkur, leikir Grindavíkur verið út um allt, hefur þurft að færa töluvert af leikum vegna þess. Spilaðir um 100 leikir í Íslandsmóti í íþróttahúsinu, mikil umsjón í kringum þetta.

Þarf að skila um miðjan júní hvaða flokkar koma til leiks í haust, verið að ráða mfl. þjálfara, gera samninga við leikmenn, vitlaust að gera. Aðalfundur í næstu viku ef allt gengur upp.

Gk Glanni – í síðustu viku var verið að stækka veitingaaðstöðuna í síðustu viku, Hótel Bifröst sér um það og er vonandi til bóta. Reikna með að opna um helgina, laugardag eða sunnudag. Starfsmaðurinn mætti í dag, engin starfsemi á veturnar. Lítill klúbbur með 70 félagsmenn, berjast í bökkum, mikil sjálfbodaðavinna unnin, ætla að klára framkvæmdina að innan á næstunni.

HjólVest – mikið af spennandi málum í gangi
Krakkanámeskið í síðasta mánuði – kynningarnámskeið, verður framhald í næsta mánuði og alls kyns kynningar. Krakkakeppnir að byrja í næstu viku
Verið að byggja upp brautir innanbæjar í samstarfi við skógræktina.

Frjálsíþr.félag Borgarfjarðar – lítið mót eftir 2 vikur – eru að klára veturinn, eru að skoða æfingar í sumar og undirbúningur fyrir ulm.

Umf. Dagenning – héldu þorablót, barsvar, hagrýðingakvöld og sviðaveislu, 17. júní hátíð, leigja út Brautartungu, eru að undirbúa það fyrir sumarið, frekar þungur rekstur og töluverð viðhaldspörf. Orkan- yngri deildin, er með páskaeggjaleit og fleira.

Umf. Íslendingur – ekki mikið íþróttastarf hjá yngri iðkendum en planið að auka það og hugmyndir um að efla íþróttastarf yngri iðkenda, eru að reyna að púsla saman við starfið í Borgarnesi, á dagskránni að halda sundnámskeið, íþróttaskóli fyrir yngri iðkendur – blakdeild sem fór á öldungamót, eru með Hreppslaug sem tekur mikið pláss hjá þeim, eru búin að vera að dytta þar að, stefna á að opna um helgina, búið að taka starfsmannamálin í gegn. Komu strandblaksvelli í gagnið síðasta haust.

Knattsp.deild Skallagríms – allt á fullu – ánægð með þann fjölda sem er að æfa. Búið að fjölga mikið krökkum úr Búðardal, eru í góðu samstarfi við Undra, eru með fjölmenningarlegan hóp, m.a. þrjá frá Úkraínu.

Yngri flokkarnir allir búnir að fara á mót. Búið að færa alla flokka niður á gras. Meistaraflokkur loksins kominn með alvöru æfingaaðstöðu, eru í 4. deild en stefna upp. Í

sumar fara allir krakkar á eitt stórt mót. Knattsp. deild ætlar að halda ball með Hinsegin Vest.

3. Samningur við Abler

Búið er að undirrita samning við Abler, nú geta öll aðildarfélög fengið aðgang sér að kostnaðarlausu.

Verið að ræða um hvernig á að skilgreina iðkendur –

Lengd námskeiða - á það að skipta máli út frá hlutfallslegri lengd námskeiða?

Markmiðið að reyna að efla sem mest starf fyrir yngri en 18 ára, reglurnar mega ekki vera of strangar.

Félögin að berjast í bökkum, komast ekki yfir að sækja um í sjóði

Blendnar tilfinningar gagnvart svæðisskrifstofunum.

Kemur fyrir sjónir eins og meiri yfirbygging og stjórnsýsla.

Gæti starfsmaðurinn séð um að sækja um styrki?

4. Fjárhagsáætlun (vísað frá sambandsþingi) – umræður, m.a.

- Lottóskiptingar skv. nýju fyrirkomulagi

- 17. júní íþróttahátíð – fyrirkomulag og upphæð greiðslu ef vilji er fyrir því að greiða fyrir það. Þarf þá að setja í fjárhagsáætlun. – 50.000 fyrir þau félög sem taka þátt,

Reykðælir sóttu um styrk í menningar- og fræðslustyrk hjá Safnahúsinu

- Hversu háa upphæð skal eyrnamerkja í ferðastyrki í fjárhagsáætlun? Stjórnin kemur með tillögur að % og leggur fyrir aðildarfélögin

5. Starfsstyrkir – umsóknarfrestur/útborgun.

5. júní – umsóknarfrestur –

Kalla eftir starfsskýrsluskilum – og Abler.

6. Sambandssvæði UMSB – rætt um þá stöðu sem er uppi

Gæti skert lottó úthlutunartekjur frá UMFÍ og ÍSÍ þar sem horft er í íbúa undir 18 ára.

Fara í samtali við Hvalfjarðarsveit.

7. Reglugerð um Afrekssjóð UMSB (vísað frá sambandsþingi)

Það gleymdist að taka fyrir tillögu um Afrekssjóð UMSB á sambandsþingi UMSB þann 13. mars sl. og samþykkt var að vísa tillögunni til formannafundar.

Skoða óráðstafað eigið fé – arðgreiðslur, nema ákveðna upphæð

Skoða lögbundinn varasjóð – 625 þús á ári

Umræður um hvernig er best að koma peningunum út, skoða hvernig reglugerðir eru hjá öðrum, og klára þetta á formannafundi í haust.

8. 10. grein laga UMSB - Það gleymdist að breyta dagssetningu ársskýrsluskila í samræmi við seinkun sambandsþings; hvenær skal miða við að þeim sé skilað? - Umræða um að seinka skilum á næsta ári og muna að breyta lögnum á næsta þingi.
9. Lög aðildarféлага – ÍSÍ er búið að kalla eftir lögum allra aðildarféлага. Framkvæmdastjóri UMSB sendi póst á aðildarfélög þess efnis þann 23. mars sl. og hafa þrjú aðildarfélög brugðist við þeim pósti. Væri gott ef þau félög og deildir sem eiga það eftir sendi sem fyrst.

Fá grunn að lögum frá ÍSÍ/UMFÍ

Einnig þarf að láta UMSB vita þegar halda á aðalfund og að fundi loknum að senda fundargerð til sambandsins. Mikilvægt er að það komi fram hvernig stjórn er skipuð og ef lagabreytingar eru gerðar.

10. Unglingalandsmót 2024 – það vantar tvo keppnisstjóra og sérgreinastjóra fyrir sund, skák, stafsetningu og upplestur. Það þarf að liggja fyrir á allra næstu vikum.

11. Önnur mál

Samningur við Borgarbyggð – mismunandi starfsemi hjá félögnum
Taka ekki þátt í kostnaði í öllum íþróttamannvirkjum.

Rætt um að hvetja til þátttöku á ulm og gera mótið sýnilegra.

Deila eventinum og auglýsa á heimasíðu Borgarbyggðar

Skoða hvernig ÍBR kynnir sína viðburði

Fundi slitið kl.20:52